



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

LOFTSLAGSBREYTINGAR – HVAD ER TIL RÁÐA?

ERINDI OG BLAÐAMANNAFUNDUR HJÁ SAMEINUÐU ÞJÓÐUNUM Í NEW YORK

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær erindi um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum á málþingi sem fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum efndi til í höfuðstöðvum samtakanna í New York. Leena Srivastava, einn aðalhöfundur skýrslu Vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, flutti einnig erindi á málþinginu. Vísindanefndin hlaut í desember ásamt Al Gore friðarverðlaun Nóbels. Að loknu málþinginu sátu forseti Íslands og Leena Srivastava fyrir svörum á blaðamannafundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar blaðamannafundarins átti netsjónvarpsmiðillinn Icastnews viðtal við forseta Íslands og má nálgast þær samræður á netslóðinni www.icastnews.com.

Forseti Íslands rakti í erindi sínu hvernig loftslagsbreytingar birtast okkur í bráðnun jökla og heimsskautaíss. Nefndi hann sérstaklega hraðar breytingar á jöklum í Himalayafjöllunum sem geta haft hrikalegar afleiðingar fyrir lífsskilyrði rúmlega milljarðs jarðarbúa, einkum í Indlandi og Kína. Brýnt væri að bregðast við loftslagsbreytingum og án uppstokkunar á orkukerfum heimsins frá olíu og kolum yfir í hreina orku yrði ekki hægt að koma í veg fyrir hinar ógnvekjandi afleiðingar loftslagsbreytinga. Um víða veröld væri nú kallað eftir lausnum.

Ísland hefði sýnt hvað hægt væri að gera og rakti forseti breytingar sem orðið hefðu á orkunýtingu landsins á æviskeiði einnar kynslóðar og rökstuddi hvernig reynsla Íslands gæti orðið öðrum ríkjum hvatning til árangursríkra aðgerða. Þá lýsti forseti hvernig breytingar á hönnun og

orkunýtingu bygginga gætu orðið mikilvægt framlag til lausnar og nefndi sem dæmi nýja skrifstofubyggingu í Leeds sem dótturfyrirtæki Eimskips opnaði á síðasta ári og nýja þjóðarbókhöðu í Singapore. Einnig væri nauðsynlegt að endurskipuleggja iðnaðarframleiðslu með tilliti til orkunýtingar og virkja krafta atvinnulífs og fyrirtækja. Rannsóknir hefðu sýnt að hægt væri að ná verulegum orkusparnaði með breyttu framleiðsluskipulagi.

Vísindasamfélagið teldi að jarðarbúar hefðu aðeins örfáa áratugi til að koma mótaðgerðum í framkvæmd. Endalok kalda stríðsins sem hófust með leiðtogafundi Gorbachevs og Reagans sýndu að hægt væri að umskapa heimsmyndina á skömmum tíma. Því væri forseti bjartsýnn á að unnt væri að ná viðunandi árangri.

Leena Srivastava rakti í sínu erindi hvaða áhrif loftslagsbreytingar myndu hafa á lífsskilyrði milljarða íbúa í þróunarlöndum, einkum Asíu og Afríku, og lýsti fjölþættum aðgerðum sem væru nauðsynlegar.

Að loknum erindunum svöruðu þau bæði fyrirspurnum frá sendiherrum og fulltrúum fjölmargra ríkja sem sátu málþingið.

22. febrúar 2008

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson (896 3028) og skrifstofa forseta (540 4400). Myndir frá ráðstefnunni verða tiltækar hjá forsetaskrifstofunni og á vef embættisins forseti.is síðar í dag.